

Ed. 566. Állt fjárveitinganefndar

um frumvarp til laga um aukna löggæslu.

Fjárveitinganefnd Ed. hefir athugað fjárhagshlið frumvarps til laga um aukna löggæslu og breytingartillagna við það á þingskjali 520, og telur enga frágangssök að verja til aukins eftirlits með tollöggjöf landsins þeirri upphæð, sem breytingartillögurnar gera ráð fyrir, enda hefir stjórnin stungið upp á 10000 króna fjárveitingu til eftirlits vegna bannlaganna einna, er að sjálfsgöðu fjelli burt, ef frumvarpið næði fram að ganga.

Alþingi, 21. ágúst 1917.

Jóh. Jóhannesson,
formaður.

Eggert Pálsson,
fundaskrifari.